

1506568

## Fundargerð 4. fundar

### Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2015, fimmtudaginn 22. október, kl. 16:30 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Guðlaug Kristjánsdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Birna Ólafsdóttir og Sigurður P. Sigmundsson. Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir, boðaði forföll.

Að auki sátu fundinn: Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Staða hönnunarútboðs. Sigurður Haraldsson skýrði frá stöðunni. Eftir tvær vikur verða útboðsgögn tilbúin. Miðað verður við 60 rými og mögulega tengingu við Sólvangshúsið. Þegar komnar verða grunnteikningar frá arkitektum er hægt að fara í útboð vegna verkfræðihönnunar. Bæjarstjóri er í viðræðum við velferðarráðuneytið um samninginn milli ríkis og sveitarfélaga um byggingu heimilisins og jafnframt fjölgun rýma.
2. Heimsókn í Reykjanesbæ þann 12. nóvember n.k. Ákveðið að fara í heimsókn í Reykjanesbæ þann 12. nóvember n.k. og fá kynningu á Nesvöllum. Á Nesvöllum er hjúkrunarheimili rekið af Hrafnistu, dagdvöl og þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara.
3. Önnur mál. Ákveðið að vera með kynningar- og upplýsingafund vegna hjúkrunarheimilisins. Einnig er mikilvægt að kynna þjónustumiðstöð fyrir aldraða sem fyrirhugað er að verði í Sólvangshúsinu. Á kynningarfundinum er tækifæri til að fá hugmyndir frá íbúum, örkynningar frá þjónustuaðilum, o.fl. Stefnt verði að fundinum uppúr miðjum nóvember.

Fundi slitið kl. 17:30.